

## Skjal vinnuhóps um sjónlistir – hópstjóri Guðrún Þórsdóttir

Við hittumst nokkrum sinnum síðasta vor og ræddum nýja menningarstefnu í sjónlistum og voru það við Guðrún Þórsdóttir myndlistanemi, Hlynur Hallsson myndlistamaður, Helgi Vilberg myndlistaskólastjóri, Guðmundur Ármann Sigurjónsson myndlistakennari, Sóley Lilja Brynjarsdóttir arkitekt og Sóley Björk Stefánsdóttir starfskona hjá Listasafninu á Akureyri.

Hópurinn skoðaði síðustu menningarstefnu og tók eftir að framkvæmd og eftirfylgni væri ábótavant þrátt fyrir góð markmið. Þar af leiðandi tókum við saman nokkra punkta sem nauðsynlegt er fyrir bæjarfélagið að hafa í huga við gerð og framkvæmd næstu stefnu. Til þess að menningarlíf geti blómstrað þá þarf að mennta fólk í sjónlistum á öllum stigum, í grunnskólum, framhaldskólum, leikskólum, myndlistaskólum og háskólum. Hafa þarf í huga ákveðna aðgerðir og þá fyrst og fremst að Gilið verði suðupunktur myndlistar og hönnunar. Bæta og betrumbæta þarf vinnustofur listamanna. Það þarf að byrja á því að hækka menningarsjóðinn. Einnig þarf að koma bæjarlistalaununum aftur í 12 mánuði og veita auk þess verkefnastyrki fyrir unga listamenn/hönnuði og listamenn/hönnuði sem eru starfandi.

Akureyrabær/ Listasafnið þarf að kaupa myndlist og hönnun.

Ekki einungis með því að kaupa einstaka hluti heldur einnig að ráða listamenn/hönnuði í einstaka verkefni t.d. við breytingar/viðburði/framkvæmdir sem bærinn stendur að og greiða viðeigandi laun fyrir þá vinnu.

Hönnun og myndlist er starf í þeirri merkingu að það tekur tíma og fyrirhöfn - ekki að það hafi einhverja eina ákveðna skilgreiningu eða tilgang.

Byggingarlistarstefna Akureyrar frá árinu 2001 er prýðilegt stefnumótunarskjal en það mætti nýta hana betur í framkvæmd. Þar er til að mynda talað um aðkomu listamanna að hönnunarferli byggingar og margt annað sem vert væri að kynna sér við gerð menningarstefnunnar.

Meira samráð þarf að vera hjá stofnunum bæjarins við þá sem starfa í greininni.

Listastofnunin í Gilinu þarf einnig að vera tengiliður við aðrar stofnanir og söfn innlend sem erlend.

Listir og menning eru atvinnumál en jafnframt þá hefur listin ekki einungis hagrænt gildi heldur líka menntunarleg, siðferðisleg og söguleg gildi. Efla þarf listamennina sem eru að starfa að sjónlistum, listamaðurinn þarf örvandi umhverfi og bæjarbúar þurfa örvandi umhverfi.

Sjónlist verður ekki til í stofnunum en stofnanir eru góðar til að brúa bilið milli þeirra sem búa hana til og þeirra sem vilja njóta afrakstursins. Hlutverk bæjarins er að sinna þessum tveim hópum, þ.e. þeim sem eru að búa til listina og þeim sem vilja njóta hennar. Bærinn hefur lengi lagt áherslu á aðeins annan hópinn, þ.e. þá sem njóta afrakstursins og birtist það m.a. í fjárveitingum þar sem 97% þess fjár sem úthlutað er til menningar rennur til þeirra stofnana sem sýna menningu en 3% rennur til verkefna sem hugsanlega ganga út á að skapa/framleiða menningu. Þessu þarf að breyta.

Einnig vill hópurinn minna á skýrslu sem skrifuð var síðustu misseri af starfshóp fólks sem starfar í ListaGilinu "Skapandi sókn í Gilinu".

